

Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um aðstöðu fyrir heimilislaust fólk af fundi borgarráðs 19. júlí sl.

Á fundi borgarráðs þann 19. júní 2018 var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vísað til umsagnar velferðarsviðs:

1. Hefur borgin skoðað að koma upp svæði þar sem boðið væri upp á rafmagn og hreinlætisaðstöðu fyrir heimilislausa sem kjósa að búa í tjöldum, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum?
2. Hvers vegna er ekki búið að koma upp fleiri úrræðum fyrir heimilislausa í gámabyggð?
3. Enginn veit hvað heimilislausir sem eru óstaðsettir í hús eru margir, þó vettvangsteymi sé á ferðinni þá nær það ekki að snerta alla. Hvaða úrræði eru hjá borginni til að finna þá sem enginn veit um?
4. Hvað ætlar borgin að gera varðandi konur í neyslu sem eru húsnæðislausar? Stendur til að koma upp svipuðu úrræði og rekið er fyrir karla á Vin?
5. Hvers vegna sagði Reykjavíkurborg samningum við Samhjálp upp og á hvaða forsendum?
6. Það kom fram á fundi borgarráðs að 76 væru á biðlista í búsetuúrræði fyrir utangarðsfólk, hvar dvelur þetta fólk á meðan það bíður?
7. SÁÁ hefur boðið lausnir vegna heimilislausra í neyslu og boðist til að byggja húsnæði í landi Víkur á Kjalarnesi. Slíku samstarfi var hafnað af borginni, hvers vegna?
8. Hver hefur verið þróun á fjölda rúma/gistinátta í gistiskýlum Reykjavíkur verið síðustu 4 ár?
9. Hvernig sinnir Reykjavíkurborg heimilislausum m.t.t. heilbrigðiseftirlits og heilsu,

sérstaklega með mjög veika einstaklinga?

Óskað var eftir því að svör við fyrirspurnunum myndu berast innan þriggja vikna. Sá tími er ekki liðinn en gert er ráð fyrir því að unnt verði að leggja þau fram á næsta reglulega fundi borgarráðs sem haldinn verður 16. ágúst nk.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar